

Sþ. 143. Tillaga til þingsályktunar [115. mál]

um endurskoðun laga um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp.

Flm.: Stefán Valgeirsson, Ágúst Þorvaldsson, Ásgeir Bjarnason,
Ragnar Arnalds, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að endurskoða lög nr. 108/1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru lög-giltir verzlunarstaðir. Verði endurskoðunin við það miðuð að minnka umdæmi byggingarfulltrúa að því marki, að unnt sé að veita íbúum hvers umdæmis viðhlít-andi þjónustu. Kannað verði, hvort hagkvæmt muni reynast að tengja starf byggingarfulltrúa við hina almennu leiðbeiningarþjónustu landbúnaðarins, hvort stærð umdæmanna eigi að miðast við það, að byggingarfulltrúi geri teikningar og vinnuteikningar fyrir umdæmið að einhverju eða öllu leyti, eða hvort heppilegra sé að koma upp teiknistofum fyrir stærri svæði, er sjái um þessa þjónustu, og þá á hvaða fjárhagsgrundvelli slíkt verði gert. Nefndin leiti álits og umsagnar formanna sýslunefnda og búnaðarsambanda um æskilega skipan þessara mála á hverjum stað, en hraði þó störfum svo sem kostur er.

Greinargerð.

Lög um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp eru frá árinu 1945 og eru því 26 ára gömul. Á þessum tíma hafa orðið miklar breytingar í þjóðfélagi okkar á flestum sviðum og þó ekki sízt í allri mannvirkjagerð. Þegar umrædd lög voru lögfest, var nánast óþekkt að gera vinnuteikningar að húsabyggingum. Nú eru gerðar aðrar og meiri kröfur um allan undirbúning og frágang slíkra framkvæmda, enda hafa margs konar mistök kennt okkur, að á því var full þörf. Þó er enn víða pottur brotinn að þessu leyti og mikið í húfi að bæta úr því, þar sem byggingar eru mjög fjárfrekar framkvæmdir, og getur orðið erfitt og kostnaðarsamt að gera breytingar eftir á eða lagfæra galla, ef mistök eiga sér stað. Leiðbeiningarþjónusta í þessum mikilvæga þætti landbúnaðarins hefur engan veginn fylgt eftir þeirri þróun, sem orðið hefur á þessu sviði síðustu árin, og er svo komið, að ekki verður við unað lengur, enda eru uppi mjög háværar raddir um að gera breytingar á skipan þessara mála. Hins vegar mun sýnast sitt hverjum, í hverju breytingarnar eigi að vera fólgnar, og því er þessi þingsályktunartillaga fram borin.

Það kemur margt til, að ekki má dragast lengur að endurskoða það kerfi, sem við búum við að þessu leyti. Stofnlánadeild landbúnaðarins gerir nú þær sjálf-sögðu kröfur, að teikningar fylgi með lánsúmsóknum. Byggingar eru í mörgum tilvikum stærri og margbrotnari en áður var og vinnuteikningar taldar sjálfsagðar, en voru óþekktar fyrir 26 árum. Byggingarþjónusta landbúnaðarins hefur allt of lítið starfslið til að anna þeim verkefnum, sem leysa þarf af hendi ár hvert, og vafasamt, að slík skipan sé æskileg, t. d. að vinnuteikningar séu gerðar í Reykjavík fyrir öll héruð landsins. Það sýnist eðlilegra að tengja eftirlits- og leiðbeiningar-

starfið þeirri undirbúningsvinnu með einhverjum hætti, og það er ekki litils virði fyrir landsbyggðina að fá tæknimenntaða menn inn í héruðin til ráðuneytis um fyrirkomulag og gerð bygginganna, að þeir geri allar teikningar og fylgist með framkvæmdinni, geti skýrt vafaatriði, sem upp geta komið, hjálpað til að velja framkvæmdum stað og leiðbeint þeim, sem reyna að koma upp slíkum mannvirkjum með heimaþinginu vinnuafli að mestu leyti.

Samkvæmt gildandi lögum er heimilt að hafa byggingarfulltrúa, 7 að tölu, utan við löggilta verzlunarstaði, og hvert umdæmi er miðað við kjördæmi. Þessi heimild hefur ekki verið notuð á Vestfjörðum, og í Reykjaneskjördæmi er þessi þjónusta innt af hendi samhliða öðru starfi. Má því segja, að ekki séu nú nema 5 byggingarfulltrúar, er starfa utan við hina löggiltu verzlunarstaði. Í ljós hefur komið, að þessi umdæmi eru allt of stór og engum manni fært að komast yfir það, sem þörf er á og krafizt er, miðað við nútíma kröfur. Verður tæpast hægt að vika sér undan því lengur að endurskoða þetta skipulag og freista þess að marka í þessum málum framtíðarstefnu, er uppfylli betur þarfir og kröfur samtíðarinnar og stefni að því að koma í veg fyrir mistök, er gætu leitt til sóunar mikilla fjármuna.

Til að sýna hinn mikla mun, sem er á umdæmum byggingarfulltrúa, eins og þau eru afmörkuð í gildandi lögum, er hér greint frá tölu byggðra jarða og eyðjarða í hverju kjördæmi, eins og fasteignamat ríkisins telur hana vera, og framleiðslu sömu svæða í hlutfallstölum, miðað við greitt búnaðarmálasjóðsgjald árið 1969, en nýrri tölur liggja ekki fyrir. Tölurnar eru sem hér segir:

	Byggðar jarðir	Eyðjarðir	Framleiðslumagn
Reykjaneskjördæmi	205	81	3.27%
Vesturlandskjördæmi	796	221	14.54%
Vestfjarðakjördæmi	459	248	6.11%
Norðurlandskjördæmi vestra	803	262	15.36%
Norðurlandskjördæmi eystra	939	276	21.66%
Austurlandskjördæmi	647	256	9.36%
Suðurlandskjördæmi	1211	410	29.67%
Á öllu landinu	5060	1717	100.00%